

Uppgjör 4F og 12M 2023

8. febrúar 2024

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



Yfirlit


- **Starfsemin á 4F 2023**
- Uppgjör 4F og 12M 2023
- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 4F 2023

Vörusala

35,2 ma.kr.


+11,0% milli ára



Framlegð af vörusölu

23,0%


+1,4 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

48,8%


-5,6 p.p. milli ára



EBITDA

3.148 m.kr.


+37,3% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

38,8%


+5,4 p.p. milli ára



Handbært fé frá rekstri




1.933 m.kr.

+5,7% milli ára




Fjöldi viðskiptavina og sala á fjórða ársfjórðungi eykst milli ára

■ 2022 ■ 2023




Aukning í bæði innlendra og erlendra kortaveltu

2022 2023



Innlend kortavelta



Erlend kortavelta

Stöðuuppfærsla frá Festi



Þróunarreitir

- **Þróun lóða** sem samkomulag um fækkun bensínstöðva nær til í **fullum gangi**.
- Þær lóðir* sem lengst eru komnar eru samtals **tæplega 14.000 fm** og ýmist íbúða- eða blönduð byggð.
- **Hönnunarsamkeppni fyrir Ægisíðu 102** hafin með markmið um hönnun sem fellur að væntingum hluthafa, íbúa og borgar.

Eignarhald á ODR

- Fréttatilkynning send út 1. desember sl. þar sem kom fram að **verið sé að kanna möguleika á breyttu eignarhaldi** á Olíudreifingu ehf. (ODR), Eldsneytisafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli ehf. (EAK) og EBK ehf.
- **Verkefninu vindur fram skv. áætlun** en tilkynnt verður þegar nær dregur til tíðinda í þeirri skoðun.

Andmælaskjal

- Fréttatilkynning send út 21. desember sl. um andmælaskjal sem Festi barst í lok dags 20. desember frá Samkeppniseftirlitinu (SE).
- Andmælaskjalið er **liður í málsmeðferð rannsókna sem hófst með tilkynningu SE til Festi í desember 2020**.
- **Festi er enn þeirrar skoðunar að félagið hafi ekki brotið gegn ákvæðum sáttar við SE**.
- Sem stendur vinnur Festi að því að **bregðast við frummati**.

Lyfja – tímalína

- Málið er í **fasa II hjá Samkeppniseftirlitinu** en hann felur í sér rannsókn á samkeppnislegum áhrifum samrunans.
- Væntingar eru um að endanlega niðurstaða liggi fyrir á öðrum ársfjórðungi.

Stærsti fjórðungurinn í sögu ELKO

- Raftækjamarkaður óx um 10% á ársfjórðungnum skv. kortaveltu mælingum RSV á meðan **ELKO var með 9% aukningu.**
- **Fjórðungurinn í heild sá stærsti frá upphafi en tilboðsdagar skiluðu 17% aukningu í veltu frá fyrra ári og Svartur fössari 2023 var stærsti einstaki söludagur ELKO frá upphafi.**
- **Vefverslun heldur sama hlutfalli af heildarveltu í fjórðungnum milli ára eða um 28%.**
- **Ný verslun ELKO í komusal KEF Airport opnuð í nóvember – skilaði 45% aukningu í sölu milli ára á fyrstu tveimur mánuðum í rekstri.**
- **Sala til fyrirtækja eykst áfram og var 17% af heildarveltu á fjórðungnum.**
- Í kjölfar alþjóðlegs dags raftækjaúrgangs var **111% aukning á kaupum af notuðum raftækjum** miðað við fjórða ársfjórðung síðasta árs.
- **ELKO Lindir verða endurnýjaðar á árinu 2024 og hefjast framkvæmdir á fyrsta ársfjórðungi.**
- Á næstu mánuðum hefist tínsla vefpantana úr verslunum sem **eykur úrval vefverslunar ELKO um allt að 40%.**



Krónan slær met og fer í sókn á landsbyggðinni



- Fjórðungurinn sá söluhæsti frá upphafi og desember var metsöllumánuður í sögu Krónunnar með 5% aukningu á seldu magni milli ára.
- Velta Snjallverslunar jókst um 56% milli ára en góð upplifun notenda skilar sér í endurteknum kaupum í bland við nýja notendur.
- Fjöldi afgreiðslna í Krónuverslunum jókst um rúm 14% milli ára.
- Notkun á Skannað og skundað í miklum vexti með um 95% aukningu milli ára. Nýskráningar í leynigjafaleik Krónunnar fóru fram úr væntingum og um 19 þúsund manns notuðu Krónuappið í desember.
- Snjallverslun Krónunnar er í sókn á landsbyggðinni og hóf heimsendingar á Siglufjörð og Ólafsfjörð fyrir jól. Húsavík bættist við snemma á nýju ári og ljóst af viðtökum að viðskiptavinir kunna að meta þjónustuna ásamt því sem eftirspurn er á fleiri landsvæðum.
- Krónan hlaut Íslensku ánægjuvögina 7. árið í röð í upphafi árs sem staðfestir enn og aftur árangur félagsins í að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina.



Dekkjaleiga vinsæl í appinu og ný þjónustustöð N1 í Keflavík opnar



- **Stærsti ársfjórðungur í sögu Bílþjónustu N1 í seldu magni af dekkjum, þjónustu og veltu.**
 - Nú er hægt að **leigja vetrardekk til skemmri tíma** hjá N1 í gegnum N1 appið – verkefni fer vel af stað og hefur fengið jákvæða athygli.
- Nýjar **hraðhleðslustöðvar** teknar í notkun í Ártúnshöfða og Keflavík – **N1 státar nú af 35 hraðhleðslustöðvum.**
- **Afgreiðslufjöldi á þjónustustöðvum jókst um 2%** miðað við sama tímabil í fyrra en stóð í stað á sjálfsölum – áframhaldandi aukning í afhendingu Dropp pakka **styður við umferð inn á stöðvarnar.**
- **Sjálfsafgreiðslukassar** (kioskar) **teknir í notkun** á völdum þjónustustöðvum - **allt að 23%** af pöntuðum veitingum fór í gegnum sjálfsafgreiðslu á fjórðungnum.
- **Ný og glæsileg þjónustustöð N1 á Flugvöllum** í Keflavík opnaði í janúar og mun þjónusta svæðið sem er í mikilli sókn.
- Veitingasala **Nestis og Ísey** opnuðu í Krónunni **Granda** 2. febrúar sl.



Uppbygging á víðfeðmu neti hraðhleðslustöðva um land allt

- N1 og Tesla og hafa undirritað rammisamning um uppbyggingu hraðhleðslustöðva við þjónustustöðvar N1 víðs vegar um landið.
- Markmiðið að auka verulega þjónustu við notendur rafbíla* og byggja upp víðfemt net hraðhleðslustöðva.
- Áform næstu tveggja ára:
 - 19 nýir hraðhleðslugarðar víðs vegar um landið.
 - Meira en 150 ný hraðhleðslustæði við þjónustustöðvar N1.
- Áhersla lögð á uppbyggingu við fjölfarnar leiðir utan höfuðborgarsvæðisins en einnig horft til þess að þjónusta dreifðari byggðir landsins.
- Nauðsynlegt að hraða uppbyggingu rafhleðslunets um allt landið til að geta náð raunverulegum árangri í orkuskiptum á Íslandi.



* Hraðhleðslustöðvar Tesla verða opnar öllum rafmagnsbílum

Yfirlit


- Starfsemin á 4F 2023
- **Uppgjör 4F og 12M2023**
- Staða og horfur

Rekstur 4. ársfjórðungs 2023


- **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 3,5 ma. kr. eða 11,0% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 8.109 millj. kr. Aukningin nam 1.238 millj. kr. eða 18,0% á milli ára.
- **Framlegðarstig** nam 23,0% og er óbreytt frá síðasta ársfjórðungi 2023 og hækkar um 1,4 p.p. milli ára.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.954 millj. kr., hækkun um 219 millj. kr. eða 5,9% milli ára.
- **Stöðugildin** voru 1.336 á fjórðungnum, aukning um 52 eða 4,0% á milli ára.
- **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 8,6% milli ára.
- **EBITDA** 3.148 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2023, hækkun um 855 millj. kr. eða 37,3% milli ára.
- **Hagnaður tímabilsins** nam 975 millj. kr. og hækkar um 37,7% milli ára.

Milljónir króna	4F 2023	4F 2022	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	35.235	31.744	3.490	11,0%
Framlegð af vörusölu	8.109	6.871	1.238	18,0%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	639	673	(33)	-4,9%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(3.954)	(3.735)	(219)	5,9%
Annar rekstrarkostnaður	(1.646)	(1.515)	(131)	8,6%
EBITDA	3.148	2.293	855	37,3%
EBIT	2.052	1.529	524	34,3%
EBT	1.187	835	352	42,1%
Hagnaður tímabilsins	975	708	267	37,7%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	38,8%	33,4%	+5,5 p.p.	16,3%
Laun/framlegð af vörusölu	48,8%	54,4%	-5,6 p.p.	-10,3%
Hagnaður á hlut	3,20	2,30	0,90	39,1%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA




Rekstur ársins 2023


- Tekjur af vöru- og þjónustusölu jukust um 14,9 ma. kr. eða 12,2% á milli ára.
- Framlegð af vörusölu nam 30.667 millj. kr. Aukningin nam 3.673 millj. kr. eða 13,6% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 22,5% og hækkar um 0,3 p.p. milli ára.
- Laun og starfsmannakostnaður nam 15.440 millj. kr., hækkun um 1.984 millj. kr. eða 14,7% milli ára.
- Stöðugildin voru 1.352 á árinu, aukning um 101 eða 8,1% á milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 8,4% milli ára.
- EBITDA 11.015 millj. kr. á árinu 2023, hækkun um 996 millj. kr. eða 9,9% milli ára.
- Hagnaður ársins nam 3.438 millj. kr. eða 11,2% af framlegð af vörusölu.
- Hagnaður á hlut nam 11,31 og arðsemi eiginfjár 10,0%.

Milljónir króna	12M 2023	12M 2022	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	136.251	121.398	14.853	12,2%
Framlegð af vörusölu	30.667	26.994	3.673	13,6%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	2.189	2.386	(197)	-8,3%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(15.440)	(13.456)	(1.984)	14,7%
Annar rekstrarkostnaður	(6.400)	(5.905)	(495)	8,4%
EBITDA	11.015	10.020	996	9,9%
EBIT	7.053	6.707	345	5,1%
EBT	4.136	4.936	(800)	-16,2%
Hagnaður tímabilsins	3.438	4.082	(644)	-15,8%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	35,9%	37,1%	-1,2 p.p.	-3,2%
Laun/framlegð af vörusölu	50,3%	49,8%	+0,5 p.p.	1,0%
Hagnaður á hlut	11,31	13,19	-1,88	-14,3%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA




Ytri áhrifapættir 4F 2023


Þróun verðlags, launa og vaxtastigs

- **Hækkun launavísitölu sl. 12 mánuði nam 6,7%.** Launavísitalan mældist 966,3 í lok fjórðungsins samanborið við 905,6 í lok árs 2022.
- **Hækkun neysluverðsvísitölu sl. 12 mánuði nam 7,7%.** Neysluverðsvísitala mældist 608,3 í lok fjórðungsins samanborið við 564,6 í lok árs 2022.
- **Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sl. 12 mánuði nam 325 p.p.** Stýrivextir voru 9,25% í lok fjórðungsins samanborið við 6,0% í lok árs 2022.

Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)



Stýrivextir Seðlabanka Íslands



Ytri áhrifapættir 4F 2023


Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:

- **Gasolía lækkaði um 21,6% á 4F 2023** en lækkaði um 8,4% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 19,1% lægra milli ára.
- **Bensín lækkaði um 15,1% á 4F 2023** en lækkaði um 5,5% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 9,3% lægra milli ára.


Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 4F 2023:

- **USD veiktist** um 1,3% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 6,5%.
- **EUR styrktist** um 3,1% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 6,7%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel




Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 4. ársfjórðungi

- **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári. **Framlegðarstig hækkar einnig** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári.
- **Heildarframlegð** nam 8.109 millj. kr. og eykst um 18,0% frá fyrra ári.
- **Framlegðarhlutfallið á 4F 2023 var 23,0%**, hækkar um 1,4 p.p. frá síðasta ári og er óbreytt frá síðasta ársfjórðungi.
- **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 20,5% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 19,3%, **raftæki** aukast um 13,6% og **aðrar vörur** aukast um 14,7% milli ára.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki





Aðrar vörur og þjónusta



Laun og starfsmannakostnaður á 4F 2023

- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.954 millj. kr. og hækkar um 219 millj. kr. eða 5,9% á milli ára.
- **Stöðugildum fjölgar um 52 milli ára** og nemur hækkunin um 140 millj. kr.
 - Iceland Food Company og ný verslun Krónunnar ásamt auknum umsvifum skýra aukninguna milli ára.
- **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 84 millj. kr. milli ára.
- **Hækkun milli ára nemur 2,0%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.


Laun og starfsmannakostnaður 4F 2022	3.735
Stöðugildi - breyting	140
Samningsbundnar launahækkanir	84
Orlofsskuldbinding	-21
Aðrar breytingar	16
Laun og starfsmannakostnaður 4F 2023	3.954




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 4F 2023

Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	13.296	16.759	5.503	316	35.874
Tekjur innan samstæðu	91	392	3	1.839	2.325
Heildartekjur starfspáttá	13.387	17.151	5.507	2.155	38.199
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(12.310)	(15.771)	(4.827)	(1.136)	(34.043)
EBITDA starfspáttá	1.077	1.380	679	1.019	4.156
Afskriftir starfspáttá	(748)	(689)	(153)	(340)	(1.929)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	126	126
EBIT rekstrarafkoma starfspáttá	329	692	526	806	2.353
Hrein fjármagnsgjöld	(167)	(109)	(77)	(839)	(1.192)
Áhrif hlutdeildarféлага og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	(12)	(12)
Tekjuskattur	(24)	(109)	(90)	18	(204)
Hagnaður ársfjórðungsins	139	474	359	(28)	944
Eignir starfspáttá	28.254	22.639	6.753	38.386	96.032
Fjárfestingar starfspáttá	1.400	995	260	1.359	4.015
Skuldir starfspáttá	18.290	17.537	4.807	19.556	60.190

EBITDA starfspáttá




Eignir starfspáttá




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 12M 2023

Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	55.923	63.158	18.238	1.120	138.440
Tekjur innan samstæðu	344	1.401	15	7.103	8.863
Heildartekjur starfspáttá	56.267	64.559	18.253	8.223	147.303
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(51.762)	(59.707)	(16.499)	(4.398)	(132.365)
EBITDA starfspáttá	4.505	4.853	1.755	3.825	14.938
Afskriftir starfspáttá	(2.914)	(2.279)	(575)	(1.129)	(6.897)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	139	139
EBIT rekstrarafkoma starfspáttá	1.591	2.573	1.179	2.836	8.179
Hrein fjármagnsgjöld	(990)	(401)	(154)	(3.184)	(4.729)
Áhrif hlutdeildarféлага og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	418	418
Tekjuskattur	(111)	(427)	(205)	99	(644)
Hagnaður ársfjórðungsins	490	1.745	820	169	3.224
Eignir starfspáttá	28.254	22.639	6.753	38.386	96.032
Fjárfestingar starfspáttá	1.400	995	260	1.359	4.015
Skuldir starfspáttá	18.290	17.537	4.807	19.556	60.190

EBITDA starfspáttá



Eignir starfspáttá



N1 - Helstu niðurstöður á 4F 2023



- Tekjur námu 13.387 millj. kr., aukning um 378 millj. kr. eða 2,9% á milli ára.
- Sala eldsneytis- og rafmagns eykst um 276 millj. kr. eða 3,3%. Salan nam 44,1 millj. lítrum sem er 5,6% aukning frá síðasta ári. Magnaukning var í öllum tegundum.
- Framlegðarstig hækkar í öllum vöruflokkum milli ára.
- EBITDA nam 1.077 millj. kr. sem er hækkun um 301 millj. kr. eða 38,9% á milli ára.
- Hagnaður nam 139 millj. kr., viðsnúningur um 336 millj. kr. milli ára.

 **96**
Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**
Hjólbarða- og
smurverkstæði

 **13**
Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	13.387	13.009	378	2,9%
Heildargjöld	(12.310)	(12.233)	(77)	0,6%
EBITDA	1.077	776	301	38,9%
EBITDA-hlutfall	8,0%	6,0%	+2,1 p.p.	34,9%
EBIT	329	88	241	274,1%
EBIT-hlutfall	2,5%	0,7%	+1,8 p.p.	263,6%
Hagnaður	139	(198)	336	-170,1%

Krónan - Helstu niðurstöður á 4F 2023



- Tekjur 17.151 millj. kr. hækkun um 3.041 millj. kr. eða 21,6% á milli ára.
- Icelandic Food Company partur af samstæðu Krónunnar frá 1. janúar 2023.
- Ný verslun á Akureyri frá desember 2022. Like for like tekjur eru að aukast um 17,1% milli ára.
- Mikil pressa á framlegðarstig en framlegð batnar milli ára.
- EBITDA 1.380 millj. kr., sem er hækkun um 409 millj. kr eða 42,2% á milli ára.
- Hagnaður nam 474 millj. kr. sem er hækkun um 166 millj. kr. eða 53,9% á milli ára.

 **27**
Matvöruverslanir


Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með Svansvottun

 **7 ár**
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	17.151	14.110	3.041	21,6%
Heildargjöld	(15.771)	(13.139)	(2.631)	20,0%
EBITDA	1.380	971	409	42,2%
EBITDA-hlutfall	8,0%	6,9%	+1,2 p.p.	17,0%
EBIT	692	477	215	45,0%
EBIT-hlutfall	4,0%	3,4%	+0,7 p.p.	19,3%
Hagnaður	474	308	166	53,9%


ELKO - Helstu niðurstöður á 4F 2023



- Tekjur 5.507 millj. kr., aukning um 410 millj. kr. eða 8,0% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum Íslendinga erlendis þá eykst sala í verslunum á Keflavíkurflugvelli , aukningin nemur 33,3% milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum milli ára nema Granda þar sem velta lækkar óverulega.
- Framlegðarstig hækkar frá síðasta ársfjórðungi og á milli ára.
- EBITDA 679 millj. kr. sem er aukning um 71 millj. kr. eða 11,6% á milli ára.
- Hagnaður nam 359 millj. kr. sem er aukning um 27 millj. kr. eða 8,2% milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2023



Framúrskarandi fyrirtæki 2023

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	5.507	5.096	410	8,0%
Heildargjöld	(4.827)	(4.488)	(339)	7,6%
EBITDA	679	609	71	11,6%
EBITDA-hlutfall	12,3%	11,9%	+0,4 p.p.	3,3%
EBIT	526	470	56	12,0%
EBIT-hlutfall	9,6%	9,2%	+0,3 p.p.	3,7%
Hagnaður	359	332	27	8,2%

Önnur félög - Helstu niðurstöður á 4F 2023

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 2.155 millj. kr., aukning um 221 millj. kr. eða 11,4% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 1.007 millj. kr. samanborið við 828 millj. kr. á 4F 2022.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% samanborið við 97% á 4F 2022, hækkar um 1 p.p.
- Eigin not húsnæðis var 88% og helst óbreytt milli ára.
- EBITDA 1.019 millj. kr. og hækkar um 28% milli ára.
- Tap fjórðungsins nam 28 millj. kr. sem er lækkun um 341 millj. kr. milli ára, vegna áhrifa hækkunar stýrivaxta á fjármagnskostnað.

 **83**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **98%**

Húsnæðis í útleigu

 **88%**


Eigin not húsnæðis

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	2.155	1.934	221	11,4%
Heildargjöld	(1.136)	(1.138)	2	-0,1%
EBITDA	1.019	796	223	28,0%
EBITDA-hlutfall	47,3%	41,2%	+6,1 p.p.	14,8%
EBIT	806	881	(75)	-8,5%
EBIT-hlutfall	37,4%	45,5%	-8,1 p.p.	-17,9%
Hagnaður	(28)	314	(341)	-108,8%


Efnahagsreikningur 31.12.2023

Milljónir króna	31.12.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.842	14.862	(20)	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.260	4.517	(257)	-5,7%
Rekstrarfjármunir	35.779	34.815	964	2,8%
Leigueignir	8.097	8.012	84	1,1%
Fjárfestingarfasteignir	6.647	6.479	168	2,6%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.621	2.601	20	0,8%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	145	150	(5)	-3,4%
Fastafjármunir alls	72.405	71.450	954	1,3%
Birgðir	13.557	13.086	471	3,6%
Viðskiptakröfur	5.985	5.960	25	0,4%
Aðrar skammtímakröfur	723	764	(41)	-5,4%
Handbært fé	3.362	2.112	1.250	59,2%
Veltufjármunir alls	23.627	21.923	1.705	7,8%
Eignir samtals	96.032	93.373	2.659	2,8%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- Heildareignir námu **96.032 millj. kr.** og hækka um **2.659 millj. kr.** frá áramótum.
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir hækka um **1.132 millj. kr.**
- Vörubirgðir hækka um **471 millj. kr.** frá áramótum vegna aukinna umsvifa
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur lækka um **16 millj. kr** frá áramótum.
- Handbært fé **3.362 millj. kr.** í lok árs sem er 1.250 millj. kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 31.12.2023

Milljónir króna	31.12.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Eigið fé	35.842	34.460	1.382	4,0%
Skuldir við lánastofnanir	26.681	28.224	(1.543)	-5,5%
Leiguskuldir	7.793	7.715	78	1,0%
Tekjuskattskuldbinding	6.185	6.001	184	3,1%
Langtímaskuldir alls	40.659	41.940	(1.281)	-3,1%
Skuldir við lánastofnanir	1.807	1.790	17	1,0%
Leiguskuldir	859	712	148	20,8%
Viðskiptaskuldir	9.760	8.630	1.130	13,1%
Aðrar skammtímaskuldir	7.104	5.841	1.262	21,6%
Skammtímaskuldir alls	19.531	16.973	2.558	15,1%
Skuldir og eigið fé alls	96.032	93.373	2.659	2,8%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- **Eiginfjárhluutfall 37,3%** í lok árs.
- **Kaup á eigin bréfum og greiddur arður** fyrir samtals 2.046 millj. kr. á árinu **sem er 50% af hagnaði síðasta árs.**
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 2.392 millj. kr.**, þar af viðskiptaskuldir um 1.130 millj. kr.
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 33.778 millj. kr. og **lækka um 2.550 millj. kr. frá áramótum.**
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 4F 2023

- Handbært fé frá rekstri nam 1.933 millj. kr. og hækkar um 103 millj. kr. milli ára.
- Fjárfestingar námu 1.421 millj. kr. á 4F 2023, minnkun um 19 millj. kr. milli ára.
- Kaup á eigin bréfum námu 310 millj. kr.
- Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 1.143 millj. kr.
- Lækkun handbærs fjár á 4F 2023 nam 870 millj. kr.


Milljónir króna	4F 2023	4F 2022	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	4.232	1.144	3.087	269,8%
Handbært fé frá rekstri	1.933	1.830	103	5,7%
Fjárfestingar	(1.421)	(1.440)	19	-1,3%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	108	80	29	36,2%
Viðskipti við hluthafa	(310)	0	(310)	
Viðskipti við lánastofnanir	(1.143)	475	(1.617)	-340,8%
Gengismunur af handbæru fé	(37)	24	(61)	-253,8%
Handbært fé í lok tímabils	3.362	2.112	1.250	59,2%



Sjóðstreymi samstæðunnar á 12M 2023

- Handbært fé frá rekstri nam **9.414 millj. kr.** og hækkar um **4.806 millj. kr.** milli ára.
- Fjárfestingar námu **4.015 millj. kr.** á árinu, minnkun um 1.765 millj. kr. milli ára.
- Kaup á eigin bréfum námu **1.133 millj. kr.** á árinu.
- Afborganir af lánum og leiguskuldum námu **2.658 millj. kr.**
- Hækkun handbærs fjár frá áramótum nam **1.250 millj. kr.**

Milljónir króna	12M 2023	12M 2022	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.112	4.003	(1.891)	-47,2%
Handbært fé frá rekstri	9.414	4.607	4.806	104,3%
Fjárfestingar	(4.015)	(5.779)	1.765	-30,5%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	619	1.015	(397)	-39,1%
Viðskipti við hluthafa	(2.046)	(3.495)	1.448	-41,4%
Viðskipti við lánastofnanir	(2.659)	1.687	(4.346)	-257,6%
Gengismunur af handbæru fé	(63)	74	(136)	-185,1%
Handbært fé í lok tímabils	3.362	2.112	1.250	59,2%




Yfirlit

- Starfsemin á 4F 2023
- Uppgjör 4F og 12M 2023
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,3
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,9
Gildi - lífeyrissjóður	9,6
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,6
Birta lífeyrissjóður	5,7
Almennir lífeyrissjóðurrinn	4,7
Stapi lífeyrissjóður	4,6
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	2,9

Markaðsupplýsingar	31.12.2023	31.12.2022	Breyting
Útistandandi hlutir	301 m.	308 m.	-2,0%
Verð í lok tímabils	205 kr.	182 kr.	12,6%
Markaðsvirði	61.757 m.kr.	55.965 m.kr.	10,3%
Velta 12m	22.781 m.kr.	48.808 m.kr.	-53,3%
Fjöldi hluthafa	1.191	1.269	-6,1%



Helstu atriði og horfur árið 2024

Helstu atriði:

- **Rekstur fjórðungsins gekk vel** og var niðurstaðan umfram áætlanir félagsins.
- **Vörusala fjórðungsins jókst** um 11,0% og **framlegð af vörusölu um 18,0%**.
- **Framlegðarstig hækkar** í öllum vöruflokkum frá sama tíma árið áður.
- **Mikill fókus áfram** á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun rekstrarkostnaðar.
- **Samstarf N1 og Teslu** um uppbyggingu hraðhleðslustöðva um allt land til að hraða orkuskiptum.
- **Stjórn leggur til** að greiddur verði arður, **3 kr. á hlut**, samtals 904 millj. kr., **sem er 26,3% af hagnaði ársins**.

Afkomuspá og fjárfestingaspá ársins 2024

- **EBITDA spá Festi** fyrir árið 2024 nemur **11.200 – 11.600 millj. kr.**
- **CAPEX spá Festi** fyrir árið 2024 nemur **4.400 – 4.800 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- Há verðbólga og gengi íslensku krónunnar.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Takk fyrir



Fyrirvarar

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.